

# Fundargerð 769. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2009, föstudaginn 27. nóvember kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar að Borgartúni 30, Reykjavík.

Fundinn sátu Halldór Halldórsson, Þorleifur Gunnlaugsson, Dagur B. Eggertsson, Lúðvík Geirsson, Gunnar Einarsson, Elín R. Línadal, Jónína Magnúsdóttir í forföllum Sigrúnar Bjarkar Jakobsdóttur, Smári Geirsson, Aldís Hafsteinsdóttir og Þorvaldur Guðmundsson.

Hanna Birna Kristjánsdóttir boðaði forföll en varamaður hennar hafði ekki tök á að sitja fundinn.

Auk þess sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna Guðrún Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Gunnlaugur Júlíusson, Inga Rún Ólafsdóttir og Magnús Karel Hannesson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerð 768. fundar - 0812686SA

Lögð fram fundargerð 768. fundar stjórnar sambandsins frá 30. október 2009.

*Fundargerðin var staðfest og undirrituð.*

### 2. Fundargerð samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál - 0611421SA

Lagðar fram fundargerðir samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál frá 9., 18. og 23. nóvember 2009, ásamt minnisblaði um áhrif tekjuöflunar ríkissjóðs á afkomu sveitarfélaga.

*Formanni og framkvæmdastjóra falið að fylgja eftir sjónarmiðum um samskipti ríkis og sveitarfélaga og fjármál sveitarfélaga sem fram komu í umræðu á fundinum.*

### 3. Samskipti við mennta- og menningarmálaráðuneyti - 0911007SA

Formaður og framkvæmdastjóri greindu frá fundum með mennta- og menningarmálaráðherra og fulltrúum ráðuneytisins um leiðir til hagræðingar í rekstri grunnskólans.

Dagur B. Eggertsson kom til fundarins kl. 13:00.

Þorleifur Gunnlaugsson kom til fundarins kl. 13:20.

Eftirfarandi samþykkt var gerð á fundinum:

*Formanni var falið að halda áfram viðræðum við mennta- og menningarmálaráðherra um leiðir til þess að hagræða í rekstri grunnskólans og hugsanlegar lagabreytingar í þeim efnum. Stjórn sambandsins telur brýnt að niðurstaða fái í viðræðunum sem allra, allra fyrst.*

**4. Skattlagning lífeyrisiðgjalda og séreignarsparnaðar - 0911053SA**

Lagt fram minnisblað til framkvæmdastjóra frá Benedikt Valssyni og Tryggva Þórhallssyni, dags. 24. nóvember 2009, um skattlagningu lífeyrisiðgjalda og séreignarsparnaðar.

**5. Fundargerð skólamálanefndar - 0504189SA**

Lögð fram fundargerð 48. fundar skólamálanefndar frá 10. nóvember 2009 ásamt yfirliti um hagræðingaraðgerðir sveitarfélaga í skóla- og fræðslumálum.

**6. Fundargerð stjórnar Hafnasambands Íslands - 0812686SA**

Lögð fram fundargerð stjórnar Hafnasambands Íslands frá 2. nóvember 2009.

*Smári Geirsson gerði grein fyrir störfum nefndar samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um fjárhagsvanda hafna, en hann er formaður hennar. Í máli Smára kom fram að flestar hafnir landsins eiga við mikinn fjárhagsvanda að stríða og þörf sé á að endurskoða hafnalög.*

**7. Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga - 0611368SA**

Lögð fram fundargerð verkefnisstjórnar um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarmála frá 4. nóvember 2009.

Jafnframt lagt fram dreifibréf verkefnisstjóra til allra sveitarfélaga um stöðu verkefnisins, ásamt greinargerð verkefnisstjórnar um undirbúning sveitarfélaga og myndun þjónustusvæða.

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hvetur sveitarstjórnir til þess að ræða og hefja sem fyrst undirbúning að myndun þjónustusvæða á grundvelli þeirra gagna sem verkefnisstjóri félags- og tryggingamálaráðuneytisins hefur sent sveitarfélögunum um flutning á þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga. Vandaður undirbúningur sveitarstjórnarmanna og starfsmanna sveitarfélaga er undirstaða þess að vel takist til um tilfærslu þessa mikilvæga þjónustuverkefnis til sveitarfélaganna.*

**8. Skipurit sambandsins - 0508306SA**

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra, dags. 24. nóvember 2009, um breytt skipurit á skrifstofu sambandsins.

*Stjórnin gerir ekki athugasemdir við framlagt skipurit skrifstofu sambandsins.*

**9. Félagsþjónustunefnd - 0911050SA**

Lögð fram tillaga að erindisbréfi fyrir félagsþjónustunefnd sambandsins, samkvæmt lið 3.6.1.1 í stefnumörkun sambandsins 2009-2010, en þar segir að stjórn sambandsins skipi sérstaka fagnefnd sér til ráðgjafar um verkefni sveitarfélaga á sviði velferðarmála og flutning verkefna á því sviði frá ríki til sveitarfélaga í nóvember 2009.

*Stjórnin samþykkti erindisbréf félagsþjónustunefndar sambandsins. Í nefndina voru skipuð Stella K. Víðisdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, Hjalti Þór Vignisson, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Guðrún Sigurðardóttir, deildarstjóri fjölskyldudeildar Akureyrarkaupstaðar, Aðalsteinn Sigfússon, félagsmálastjóri Kópavogsbæjar,*

*og Ragnheiður Thorlacius, framkvæmdastjóri Fjölskyldumiðstöðvar Sveitarfélagsins Árborgar.*

#### **10. Bakhjarl Sambands íslenskra sveitarfélaga - 0911024SA**

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra og sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs, dags. 24. nóvember 2009, um vörslu og ávöxtun fjármuna sem komu í hlut sambandsins við uppgjör Bjargráðasjóðs ásamt tillögu að samþykktum fyrir sjóðinn Bakhjarl Sambands íslenskra sveitarfélaga. Verkefni sjóðsins er að varðveita og ávaxta framangreinda fjármuni og ráðstafi þeim til reksturs sambandsins eftir að Bjargráðasjóður hættir þátttöku í rekstri sameiginlegrar skrifstofu sambandsins, Lánasjóðs sveitarfélaga og Bjargráðasjóðs.

*Stjórnin samþykkti framlagðar samþykktir fyrir sjóðinn Bakhjarl Sambands íslenskra sveitarfélaga.*

#### **11. Framtíð Staðardagskrárstarfsins - 0510372SA**

Lögð fram fundargerð 44. fundar stýrihóps Staðardagskrár 21 frá 17. nóvember 2009 ásamt minnisblaði stýrihópsins til umhverfisráðherra, dags. 20. nóvember 2009, þar sem lagt er til að í stað núverandi Staðardagskrárskrifstofu verði komið upp sjálfbærnisetri, eða með öðrum orðum upplýsingamiðstöð um sjálfbæra þróun. Stýrihópurinn leggur til að stuðningur við sjálfbærnisetrið miðist við eitt stöðugildi. Stýrihópurinn tekur ekki afstöðu til þess hvort sjálfbærnisetur eigi að reka sjálfstætt eða sem hluta af einhverri núverandi stofnun, ráðuneyti eða skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

*Stjórnin tekur ekki á þessu stigi afstöðu til hugsanlegrar aðildar sambandsins að áframhaldandi samstarfi um Staðardagskrá 21.*

#### **12. Drög að frumvarpi til skipulagslaga - 0802089SA**

Lagt fram sem trúnaðarmál minnisblað sviðsstjóra lögfræðisviðs, dags. 24. nóvember 2009, um ákvæði um landsskipulagsstefnu í drögum að frumvarpi til skipulagslaga, ásamt fylgiskjali með samanburði við frumvarp sem lagt var fram á Alþingi, 135. löggjafarþingi.

Sviðsstjóri lögfræðisviðs sambandsins gerði grein fyrir þeim breytingum sem hafa verið gerðar á frumvarpsdrögum frá fyrri drögum.

*Stjórnin gerir ekki athugasemdir við þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpsdrögum en áskilur sér rétt til þess að gera athugasemdir ef þurfa þykir á síðari stigum málsins.*

#### **13. Skólamál fósturbarna og endurskoðun barnaverndarlaga - 0806521SA**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra lögfræðisviðs, dags. 9. nóvember 2009, þar sem hann fjallar um álit mennta- og menningarmálaráðuneytisins um skólamál fósturbarna og tillögur nefndar um endurskoðun barnaverndarlaga. Jafnframt lagður fram fyrirvari sviðsstjóra lögfræðisviðs sambandsins um endurskoðun barnaverndarlaga.

*Samþykkt að bíða umsagnar skólamálanefndar sambandsins um málið.*

#### **14. Samráðsnefnd um tónlistarfræðslu - tilnefning - 0911022SA**

Lagt fram bréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 6. nóvember 2009, þar sem óskað er eftir tilnefningu sambandsins á einum fulltrúa og öðrum til vara í samráðsnefnd um tónlistarfræðslu. Ráðuneytið mun ekki greiða sérstaklega fyrir störf í nefndinni.

*Samkvæmt 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 tilnefnir stjórn sambandsins Laufeyju Ólafsdóttur, tónlistarfulltrúa á menntasviði Reykjavíkurborgar, eða Heiðar Sigtryggsson, grunnskólastjóra í Reykjavík, í nefndina. Það þeirra sem ráðherra velur ekki sem aðalmann verði varamaður hins.*

#### **15. Húsafríðunarnefnd - tilnefning - 0911023SA**

Lagt fram bréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 12. nóvember 2009, þar sem óskað er eftir tilnefningu á einum fulltrúa í húsafríðunarnefnd og öðrum til vara, skv. 2. gr. laga nr. 104/2001 um húsafríðun. Ráðuneytið bendir á ákvæði 15. gr. laga nr. 10/2008.

*Samkvæmt 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 tilnefnir stjórn sambandsins Margréti Leifsdóttur, arkitekt á skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkurborgar, eða Magnús Karel Hannesson, sviðsstjóra á rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, í húsafríðunarnefnd. Það þeirra sem ráðherra velur ekki sem aðalmann verði varamaður hins.*

#### **16. Tilnefning í ráðgjafarhóp um skipan sýslumannsembættu - 0911055SA**

Lagt fram bréf dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins, dags. 25. nóvember 2009, þar sem óskað er eftir tilnefningu sambandsins á einum fulltrúa í ráðgjafarhóp um skipan og verkefni sýslumannsembættu. Ráðuneytið mun ekki greiða sérstaklega fyrir störf hópsins.

*Samkvæmt 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 tilnefnir stjórn sambandsins Elliða Vignisson, bæjarstjóra í Vestmannaeyjabæ, eða Arnheiði Jónsdóttur, bæjarfulltrúa í Vesturbyggð, í ráðgjafarhópinn. Það þeirra sem ráðherra velur ekki sem aðalmann verði varamaður hins.*

#### **17. Stjórn Nýsköpunarsjóðs námsmanna - tilnefning - 0911041SA**

Lagt fram til kynningar bréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 13. nóvember 2009, þar sem óskað er eftir tilnefningu á einum fulltrúa í stjórn Nýsköpunarsjóðs námsmanna í stað Oddnýjar G. Harðardóttur sem hefur óskað lausnar frá setu í stjórninni. Erindið er með vísan til ákvæða í 2. gr. reglna nr. 450/2007 um Nýsköpunarsjóð námsmanna. Vísað er til 15. gr. laga nr. 10/2008.

Jafnframt lagt fram svarbréf framkvæmdastjóra sambandsins þar sem tilkynnt er tilnefning Áslaugar Friðriksdóttur, varaborgarfulltrúa í Reykjavík, í stjórn Nýsköpunarsjóðsins.

**18. Aðalfundur SSS 2009 - 0909010SA**

Lagðar fram til kynningar ályktanir aðalfundar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum frá 17. október 2009.

**19. Skólaskýrsla 2009 - 0909001SA**

Lögð fram til kynningar Skólaskýrsla 2009 sem hag- og upplýsingasvið sambandsins hefur tekið saman.

**20. Frumvarp um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki - 0911001SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 23. nóvember 2009, um frumvarp til laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki o.fl.

**21. Samskipti Flóahrepps og jöfnunarsjóðs vegna viðbyggingar við Flóaskóla - 0910020SA**

Upplýst var að gögn hafa ekki borist frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga um samskipti sjóðsins og Flóahrepps, sbr. 21. tölulið fundargerðar 768. fundar stjórnarinnar frá 30. október 2009.

Næsti fundur er ráðgerður föstudaginn 11. desember nk.

Fundi var slitið kl. 15:00.

---

Halldór Halldórsson

---

Þorleifur Gunnlaugsson

---

Dagur B. Eggertsson

---

Lúðvík Geirsson

---

Gunnar Einarsson

---

Elín R. Líndal

---

Jónína Magnúsdóttir

---

Smári Geirsson

---

Aldís Hafsteinsdóttir

---

Þorvaldur Guðmundsson

---

framkvæmdastjóri

---

ritari